

VERÐLAUN GEFIN FYRIR
COUPONS OG UMBUDIR

ROYAL CROWN SOAP

The Provincial Library
Jan. 25

Sendis eftir verðlaun til Royal
Crown Soap Ltd., 654 Main St.
Winnipeg.

Heimskringla.

VERÐLAUN GEFIN FYRIR
COUPONS OG UMBUDIR

ROYAL CROWN SOAP

Sendis eftir verðlaun til Royal
Crown Soap Ltd., 654 Main St.
Winnipeg.

XXXVIII. ARGANGUR.

WINNIPEG, MANITOBA, MIDVIKUDAGINN 9. APRIL, 1924.

NÚMÉR 28.

CANADA

Þriðjud. 1. apríl.
Mr. Queen skorði á þingið í langri ræðu, að veita aukaviðbót til ekkna og munaðarleysinga, er heyru undir uppþotalög verkamanna (Workmen's Compensation Act) kvæð atvinnurekendur hafa nóg efni á að leggja meira af mörku og var þungorður í garð þeirra, er teldu bændum tröng, að háverðis á nauðeynjavörum þeirra væri að kenna háu kaupgjaldi verkamanna. Sýndi fram á með tölu, að laun þeirra eru hneyksl anlega lág. Þráft fyrir mælsku hans týndust þingmenn út úr salnum, unz ekki voru eftir nema um 20. Kvíðaði hann harðlega þing deldina fyrir lífslífsörðingu þá, er hún sýndi þessu málefni. — Mr. Tanner tók í sama strenginn: kvæð þetta verða að skoðast sem tilkynning frá þinginu, um að verkamenn mættu lítla af því vænta. — Mr. Craig varði þingmenn ok kvæð þá vera kunnuga málinu. Hann kom með uppástungu um, að setja málið í 15 manna nefnd yfir sumarið, skyldi sú nefnd vera skipuð 5 þingm., 5 atvinnurekend- og 5 verkamönnum, og skyldi hún koma fram með tillögur á næsta þingi. — Þessi tillaga var samþ.

17. mart hafði Taylor oddviti Cons gert fyrirspurn um símskeyti, er farið hefur á milli stjórnmanna og Mr. Waugh, er hann var ráðinn forstjóri vinnu. Lagði Bracken forsætisráðherra þau gögn fram og sýndu þau, að Waugh hafði viljað fá \$15.000 í árslaun, en farið að lokum niður í \$12.000.

Miðvikud. 3. apríl.
Mr. Haig hamaðist að stjórnmáli. Kvæð hleglegt að þessi stjórn hefði sérstaklega átt að spara, og legði svo fram áætlun um \$11.000.000 gjöld, er væri hasta áætlun er nokkurn tíma hefði verið gerð í sögu fylkisins. — Lögðöfnin væri öll að fara á ringulreið vegna þess, hve mörg ný lög væru leidd í gildi, vissu nú varla elztu og æðustu lögfræðing- ar hvað væru lög og hvað ekki. Þá kvíðaði hann stjórnmála, er í fyrstu hefði viljað borga Mr. Waugh \$15.000, en hefði svo farið niður í \$12.000 af ötta við almenningssálitið. Mygdu sýnsir háttu þinginu. (Mr. Little) hafði sest hér á árunum, þá Norrismanninn hefði boðið einhverjum um \$15.000 laun.

Þá réðist Mr. Bayley á greinarnar "Under the Dome" í Free Press, er skýrðu frá þingstjórn. Þótti þær fullar af léttuð og til þess eins að rýra allt þingsins meðal manna. — Mr. Queen og Mr. Norris and- mæltu og töldu þinginu enga hættu stafa af spaugusýrum.

Fimmtud. 3. apríl.
Mr. Haig réðist grimmilega á próf- Lee frá landbúnaðarháskólanum fyrir að hafa látið í ljósi bréflaga við Mr. Burnell, eitthvað á þá leið, að bændum stæði engin hættu af að fara inn í hveitisambandið. Próf. Lee varði borgað af almannafé og hvaða rétt hefði nokkur maður í ríkisþjónustu til þess, að blanda sér í stjórnmál. Mr. Bayley frá Assiniboia andfæði Mr. Haig hvast. Kvæð próf. Lee vera sérfræðing einmitt á þeim sviðum, er bréf hans lyti að. Hver væri fær- ar? Og til hvers væri hann í embætti ef ekki til þess, að leggja mörkunum ráð um slíka hluti. Mr. Bayley kvæð hjartari daga myndu renna upp yfir fylkið.

þegar ráðin um hún og þessi mál efni væru sótt í hendur sérfræð- inganna á þeim sviðum, í stað þess, að bera allt undir stjórnmálaviz- una. — Mr. Downes vildi láta sam- þykkið áskorun til sambandsstjórn- arinnar um, að lækka toll og neyðlu skatt á vinnu, brennifvnum og máltdrykkjum, niður í það, sem var 1914. Kvæð sambandsstjórnina græða af mikli á fylkingunum. Þú- ar þeirra fylkja er vinsælu leyðu, væru að borga skatta til þeirra fylkja, er væru á öflugri kendi- ríli þar að anki lækkaði aldrei bjórverðið fyr en þessu væri al- varlega sint.

Föstud. 4. apríl
Út af \$3.000, er ganga skyldu til vistráðningaskrifstofu ríkisins, gerði Mr. Bernier þá fyrirskiptun, hvort þessar vistráðningaskrifstofur kæmu, að nokkru haldi. Fjóldi manna efaðist um það og neitaði því. Ef þær væru gagnslausar, til- hvers þá að flegja peningum í þær? — Hon. Neil Cameron kvæð þær stórum hagfelldarir en göngu ráðningastofurnar, er reknar voru af einstökum mönnum. Bændur í hans kjördæmi væru ánægðir. Það var Mr. Norris þar á móti ekki. Að- vísu hefði hann sett upp skrif- stofurnar, eftir beðni sambands- stjórna, en vildi samt fara aftur í gamla lagið. — Willis, Kennedy og Hamelin töldu skrifstofum þessum mjög óþóttavant. Mr. Farmer var mjótfallinn að láta þær aftur í hend- ur einstaklinga, sem oft flégu á vinnuleitendur á þess að útgefa þeim vinnu. — Mr. Esplen frá Dauphin kvæð menn í því héraði, vera ánægða með fyrirkomulagið. — Mr. Taylor spurði hvort leggj- a ætti niður nokkrar vistráðninga- stofur. — Í Dauphin og Portage, svaraði Bracken.

Frá Ottawa er símað þ. 8. þ. m., að þangað séu komnir flestir með- limir sendinefndar í þéttar frá Manitoba og Saskatchewan, er eiga að reyna, að fá sambands- stjórnina til þess að hrinda áfram Hudson Bay járnbrautinni. — Bracken, Norris og Taylor frá Manitoba, er búist við að komi til Ottawa í dag.

Þriðjudaginn í fyrri viku, réðist ræningjar á bíl Hoeheloga bank- ans, drápu öllumanninn og reindu \$12.000. Einn af ræningjunum var droplinn áður en þeir shuppu með rænsteng sinn. Haldið er að náðst hafi í þá flesta.

Önnur lönd.

Frá London er símað 7. apríl, að MacDonald ráðuneytið beið ósig- ur í spámáli, með 221 atkv. móti 212. MacDonald er þó ákveðinn í, að sleppa ekki stjórnaatvinnu fyr en hann bíður ósigur á ein- hverju mikilsvarðandi máli, og blóðin ensku sýnast yfirleitt styðja hann í því máli.

Frá London er símað þ. 8. þ. m., að Gen. Smuts hafi skilað þingi í Suð- ur-Afríku og að seðnilegt sé, að stjórnaarkifti verði, og að Gen. Hertzog foringi lýðveldissinna og hans flokkur muni krefjast full- komna skilnaðar frá Englandi og réttar til þess að mynda óháð lýð- veldi. Talið er víst, að sú flokkur verði í miklum meirihluta.

Frá Róm er símað 7. apríl, að Mussolini og Fascistar hafi unnið stórkostlegann kosningasigur og útlit sé fyrir að hann muni eiga langa þingstjórn fyrir höndum. Um 40% af öllum greiddum at- kvæðum féllu honum í skaut.

Frá Berlín er símað 3. apríl, að keisarastjórnin sé nú í algleymingi um allt landið. Í nágla hverri borg eru daglega uppþot og mann- fundir á strætum og gatnamótum, þar sem allur fólgin krefst þess, að hætt sé við lýðveldisstjórn. Flokkur Stressemanns kanlara hefir til dæmis opinberlega lýst því yfir, að þeir séu fylgjandi þing- bundinni konungsstjórn.

Nefnd sú, er sett var til þess að rannsaka kröfu þá, er Ch. Schwab, stálkonungsins frá Bethlehem, þótti hafa á hendur siglingarábu- neyti Bandaríkjanna, er hann reiknaði að ríkið skuldaði sér 13.377.403 dollars, hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að svo fljástætt sé að Schwab eigi nokkuð hjá rík- inu, að hann hefir þvert á móti dregið sér á öflugan hátt rúna \$11.000.000, er honum berj nú að skila aftur. — Schwab þótti sýna framúr-

skarandi óeigingirni, er Bandaríkj- stjórni á stríðsárum tók hann í sína þjónustu, og han ákvað sér aðeins einn dal í árskaup, af því að hann væri að vinna fæðurland- inni. Hafi nú nefndin rétt fyrir sér hefir heidursmanninum tekist að mægtalda þenna dal tuttugu og fjórum milljónum sinnum. Gott hver það getur!

Bandaríkjá þingið hefir ákveðið að verja \$10.000.000 til hjálpar börn- um, sem daglega eru að verða hung- urmörð í Þýskalandi.

Frá New York er símað, að I. P. Morgan hafi nýlega í Nizza í Frakk- landi í blaðinu Eclairer, gert þá furðanlegu yfirlýsingu, að Frakk- land væri einmitt nú að sýna öðr- um þjóðum stórkostlega fagurt dæmi til eftirbreytni, um hvernig fríðinn eigi að vinna, og að Frakk- ar megi jafnan reisa sig á aðstoð Bandaríkjanna, þar að allir víti að þeir séu forköflu og riddarar allra frelsishreyfinga. Þessi fjármála- há- karlsyfirlýsing hefir vakið al- menna grenju í Bandaríkjunum, þar sem menn hafa með mikilli athygli fylgt öllum athöfnum Frakka í Ruhrmálinu.

GÓÐAFOSS

Frá Kaupmannahöfn var Eyarsund stappað þykku ís, því mikill frost- hafa verið í Danmörku. Þar lágu þá mörg skip og komust hvorki aftur né fram upp ísbrjótur ruddi þeim leið. Skip og skipstjóri hafa og getið sér orð fyrir þriðnað og reglusemb- enda er skipshöfnin úr- valsið og stýrimenn allir röskir menn, ályggilegir og kurtelsir. Norðlendingum er dýrmætt, að hvorutvegja megi treysa skipi og skipstjóra. Góðafoss annast áhættu- mestu siglingar við Ísland og flytur oft dýrmeta farma.

NOTT

Nótt þú átt gott að geta séð í glitrandi straumins ósum, í döggevotum runna af rósum, Dráumlandsins undir máluð með Mánans og stjórnuhljósum.

Nótt þú átt gott við græðisdjúp, Að grúfa þinn hljóða andá, Við úthafsins yztu granda, Og hverfa í dimmbláum huliðshjúp Til himinsins blíðu landa.

VOR

Kvakar loft og lóur vaka Lækur þylur sínar bækur Fjölur gægjast fram móti sólu Foss-heim heilsar ástarkossi.

Andar blærinn ljúft frá landi, Lundinn skýða blóm og grundir, Vakna: máttar vetur saknar Voríð er í heiminum borið.

Ef þú gætir getið ljós Gleði og kæpi frá þér, Blessuð sæta sumarrós Sit þá ætíð hjá mér.

S. E. Björnsson.

FRÁ ÍSLANDI.

Rvík 8. marz.
Sigurður Eggerz forsætisráðherra segir af sér.
Konungur snýr sér til Jóns Þorlákssonar.

FRÁ ALDINGI.

Trygvi Þórhalsson þingmaður Strandasýslu, vill leggja niður sendi- herrann í Kaupmannahöfn. Þrír að- ir Framsóknarmenn vilja leggja nið- ur prófessorsembættið í hagnýtri skólafræði og grískudósentsembæt- tið.

Þrír þm úr haldsflokknum vilja hækka dagpeninga þingmanna of- an í 12 kr., og fastsetja ferðakostn- að við 400 kr. hámark og 40 kr. lág- mark.

Jón Þorláksson flytur frv. um breytingu og samfærslu háskólans, þannig að hann sé framvegis að eins 3 deildir, guðfræðisdeild, læknadeild og lagadeild og heimspeki- deild sameinuð. Nokkrir þingmenn vilja hækka laun Sigurðar Nordals pró- fessors um 2-3.000 kr., til þess að missa hann ekki frá háskólanum til- Norge, þar sem öðru hans kenn- araembætti í norranum fræðum við Kristjanháskóla, með 3000 kr- hverri launum en hann hefir nú við háskóla Íslands.

Húshitunin í Reykhusum. — A- óðali Hallgríms Kristinssonar býr ekki hans, frá María Jónsdótt- ir, í brekkunni neðan við flóðar- hús, er allstór og heit laug. Frá María réðist í það á síðastli hausti, að láta gera tilraun til að hita upp húsið með lauginni og tók bygg- ingafræðingur Sveinbjörn Jónsson að sér að finna úrlausn málsins og koma verkinu í framkvæmd. Laug- in er 10 metrum hegra yfir sjávar- flöt en húsið. Nú hefir Sveinbjörn komið þessu í kring á mjög frum- legan og kostnaðarlítinn hátt. Hann hefir notað vatn, sem leiti var úr brunni ofan við flóðarhús- ið, ofan í baðhús, er áður var bygt hjá lauginni. Vatn þetta leiðir hann gegnum mjög langa pípu, sem vafin er upp í marga hringi og látn liggja í þró fyltri laugarvatn- inu. Á leiðinni gegnum pípu- na verður vatnið jafnhætt og laugar- vatnið og kemur inn í flóðarhúsið 55° heita. Er skemst af því að segja, að þannig fæst ágætur hiti í allt húsið eða alls 10 herbergi, og auk þess heitt vatn í eldhúsinu til þvotta og matreiðslu. Þar frá María vel launað áráði sitti og kostnað endurgjeldan í ágætri húshitun og þægindum heit úr skauti jarðarinnar. Sveinbjörn er allmerkilegur áður, ötul og ó- sérþæginn gefinn fyrir að finna nýjar leiðir til úrlausnar á okkar mörgu vandkvæðum. Verða þeir menn aldrei um af víðurkendir. Hann er uppfinningamaður r- seinsins, sem nú er mikli notaður og nú hefir hann á merkilegan hátt fundið ráð til þess að nota laugar- til vatnshitunar, hversu sem að- stöðin er háttað. Eitt þeir sem búa nærri laugum og hverum, að nýta hvortveggja meira en orðið er. Er öruggt að meta til þjár þann sparnað og þá heilsuverndun, sem slíkt veitir í okkar eldsneytis- hausa landi.

Aðfarenótt 8. febr. andaðist í Reykjavík frá (Björg Jónsdóttir, móðir Halldóru Bjarnadóttur kenslukonu, en systir Björns heit-

ins á Veðramóti, sem einnig er n- dáinn. Björg var áttæð að aldri. Hún var vinsæl og vel að sér ger. Hafði óvenjulegan áhuga á því, er gerðist í þjóðfélaginu og fylgdist vel með öllum áhugamálum dótt- ur sinnar, og var mjög kær með þeim mæðum.

Katrín Thoroddsen cand. med. & chir., hefir fengið veitingu fyrir Flateyjarlæknishæð. Er hún fyrsti kvennaðurinn, sem verður konunglegur embættismaður. Á- hendi voru. Hún er dóttir Skúla heitins Thoroddsen, og útskrif- aðist af háskólanum sumarið 1921. Hefir síðan dvalið erlendis á sp- tölum.

Hinn 27. febr. var Guðm. J. HJÖ- dal verkfræðingur skipaður síma- verkfræðingur landsins og forstjóri bejarins í Reykjavík, frá 1. marz að telja.

Fangahúsið á ísafirði brann til- kaldra kóla 29. febr. Einn maður brann inni, er hét Björn Kristján- son, 17. ára gamall.

Vestmannaeyjum 6. marz. Austanhöfð og aftarkveður var hér í gærkvöldi og nótt. Tveir bátar komu ekki að í gærkvöldi og fór "Þór" að leita. Fann hann annan í morgun. Báturinn "Björg" er talinn af.

Í skeyti, sem sent var nokkru síðar segir, að skipshöfnin af vél- bátunum "Björg" hafi komist í ensk- an togara, Báturinn sökk í rúmsjó.

Akureyri 8. marz.
Í stórhrifinni í fyrri viku lenti vestanpósturinn héðan, Guðm. Ólafsson, í slæmum hrakningum, svo að við lá, að hann yrði úti. Hafði hann lagt upp frá Víðingri laust eftir hádegis á fimtudaginn og skali hrifin yfir, er hann var kominn upp á Vatnsskarð. Hrakt- ist hann brátt af rötti leið og gekk svo alla þóttina, að hann varð ekki var þeja, en síðdegis á föstudaginn komst hann loksins að Skotastöðum í Svartárdal, illa til reika og kalinn á höndum, fótum og andlit. Póstflutningurinn var allur í göðu lagi, en einn hesturinn hafði orðið viðskila við lestina í hrifinni og kom hann til baka að Víðingri á föstudagsmorgun. Eftir að hafa hvílt sig naturlíngt á Skotastöðum, hélt pósturinn of- an á Blönduós og komst þangað síðdegis á sunnudaginn. Fékk hann þar mann til þess að fara með póstflutninginn ofan á Blönduós og komst þangað síðdegis á sunnu- halda heimeilis með póstflutning- daginn. Fékk hann þar mann til þess að fara með póstflutninginn vestur til Staðar, en varð sjálfur eftir undir læknishendi. En er pósturinn kom að vestan aftur, var Guðmundur búinn að ná sér svo eft- ir volkið, að hann þóttist fær að geta haldið heimeilis með póst- inn, og er hann vantanlegur hing- að á morgun. Hefir Guðmundur sýnt fádæma dagnað og harðfengi í ferð þessari, er verðskuldar hina týlstu viðurkenningu.